

## Mannauðsstefna Landhelgisgæslu Íslands

Mannauðsstefna Landhelgisgæslunnar byggir á gildum hennar sem eru:

*Gæði*

*Öryggi*

*Þjónusta*

Í mannauðsstefnu sinni hefur Landhelgisgæslan eftirfarandi þætti að leiðarljósi:

- Virðingu fyrir fólki
- Samvinnu og sveigjanleika
- Jafnræði
- Þekkingu og frumkvæði
- Fagmennsku og traust

Markmið Landhelgisgæslunnar í mannauðsstefnu sinni eru að:

- Landhelgisgæslan hafi ávallt á að skipa mannauði sem er í stakk búinn til að sækja fram og ná árangri við framkvæmd stefnu Landhelgisgæslunnar með gildi hennar að leiðarljósi
- kunnátta, færni og frumkvæði starfsmanna nýtist sem best
- Landhelgisgæslan sé eftirsóknarverður vinnustaður þar sem starfsmenn fá tækifæri til að dafna í starfi
- samskipti milli starfsmanna einkennist af gagnkvæmri virðingu og samvinnu
- Landhelgisgæslan sé skemmtilegur vinnustaður með áherslu á hvetjandi starfsumhverfi og góðan starfsanda.

Mannauðsstefna Landhelgisgæslunnar er stefna allra starfsmanna og með henni gerir Landhelgisgæslan þær kröfur til starfsmanna sinna, óháð stétt og stöðu, að þeir:

- virði samstarfsmenn sína
- sinni starfi sínu af trúmennsku og metnaði
- sýni ábyrgð
- hafi jákvæðni og samstarf að leiðarljósi
- séu viðbúinir þróun og breytingum og taki þátt í þeim
- viðhaldi þekkingu sinni og auki við hana.



## Áherslur og leiðir

Eftirfarandi áherslur og leiðir hafa verið skilgreindar til þess að ná megi markmiðum mannauðsstefnu Landhelgisgæslunnar:

### Mannauðurinn:

#### *Landhelgisgæslan hafi ávallt á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki*


- Við ákvörðun um ráðningu starfsfólks skal tekið mið af hæfni þess til að inna starfið af hendi. Gæta skal jafnræðis í ráðningarferlinu í samræmi við gildandi lög og reglur.
- Leggja skal áherslu á að taka vel á móti nýju starfsfólki og að því líði vel í starfi frá byrjun. Nýtt starfsfólk skal upplýst um almenna starfsemi Landhelgisgæslunnar og þann hluta starfseminnar sem lýtur sérstaklega að starfssviði þeirra og um réttindi þeirra og skyldur.

#### *Stuðla skal að jafnrétti meðal starfsfólks*

- Gæta skal fyllsta jafnréttis milli kvenna og karla og að hver starfsmaður verði metinn á eigin forsendum. Stuðlað skal að jöfnum tækifærum einstaklinga á sem flestum sviðum, óháð kynferði, samanber jafnréttisáætlun Landhelgisgæslunnar.
- Landhelgisgæslan vill skapa starfsmönnum sínum aðstæður til að samræma kröfur starfs og einkalífs eins og kostur er og að starfsmenn fái notið sveigjanleika í starfi þar sem hægt er að koma því við.
- Öll mismunun á grundvelli kynferðis er óheimil. Allir starfsmenn eiga rétt á að komið sé fram við þá af virðingu, óháð kynferði. Einelti, áreitni eða önnur hegðun sem telst ósanngjörn og/eða móðgandi verður ekki liðin.

#### *Frammistöðumat, hvatning og starfsmannasamtöl*

- Lögð skal áhersla á hvatningu, frammistöðu og starfsþróun. Starfsmannasamtöl fara fram árlega og veita stjórnendum og starfsfólki tækifæri til að veita uppbyggilega endurgjöf.



## **Starfsumhverfið:**

### *Siðareglur og góðir starfshættir skulu ávallt hafðir að leiðarljósi*

- Í störfum sínum skulu starfsmenn ávallt halda í heiðri siðareglur Landhelgisgæslunnar og þær skyldur sem lagðar eru á herðar þeim, meðal annars með lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

### *Góð vinnuaðstaða og almenn vellíðan starfsmanna mikilvæg*

- Landhelgisgæslan skal stuðla að heilbrigðu vinnuumhverfi með hagsmuni starfsmanna og Landhelgisgæslunnar að leiðarljósi. Starfsmenn bera ábyrgð á því að leggja rækt við eigin heilsu.


## **Starfsþróun og miðlun upplýsinga:**

### *Starfsþróun og endurmenntun*

- Mikilvægir þættir í starfsþróun eru m.a. endurmenntun, tilflutningur og þróun í starfi og þátttaka í þverfaglegum hópum þar sem því verður við komið. Landhelgisgæslan leggur áherslu á að starfsfólk hafi tækifæri og sýni metnað til að þróast í starfi og viðfangsefnin taki breytingum í samræmi við hæfni, menntun, reynslu og áhugasvið, með hliðsjón af þörfum Landhelgisgæslunnar hverju sinni.
- Starfsmenn leitist við að afla sér upplýsinga um verkefni sín og skyldur og hafa greinargóða þekkingu á málaflokkum og verkefnum sem störf þeirra varða.

### *Miðlun upplýsinga*

- Upplýsingagjöf til starfsmanna skal vera skilvirk og gagnvirk.
- Leitast skal við að upplýsa starfsmenn hverju sinni um þau atriði er varða starfsemina og máli skipta í störfum þeirra.
- Starfsmenn skulu meðhöndla upplýsingar um starfsemi Landhelgisgæslunnar af trúnaði og virðingu og til samræmis við lög og reglur sem um starfsemina gilda.



## Árangur:

### *Starfsfólk skal læra hvert af öðru og leggja áherslu á árangur og markvissa stjórnun*

- Leggja skal ríka áherslu á góðan starfsanda og að starfsfólk sýni hvert öðru virðingu, umburðarlyndi og jákvætt viðmót í öllum samskiptum. Starfsfólk skal vera í stakk búið til þess að vinna saman sem ein liðsheild að sameiginlegum markmiðum Landhelgisgæslunnar. Góður starfsandi eykur starfsánægju og gerir Landhelgisgæsluna að eftirsóknarverðari vinnustað.
- Starfsfólki ber að leggja sig fram í starfi, fylgja fyrirmælum, tileinka sér fagleg og vönduð vinnubrögð og þróa þá hæfni og hegðun sem þörf er á til að skapa árangur.
- Stjórnendum ber að tileinka sér markvissa stjórnunarhætti, skipuleggja og stjórna eftir aðstæðum, þróa með sér jákvætt viðhorf, virkja starfsfólk, hvetja, veita stuðning og dreifa ábyrgð og verkefnum til að ná árangri.

**Mannauðsstefnuna skal endurskoða reglulega og hið minnsta á ári hverju. Eftirlit með framkvæmd hennar og mati á árangri er á ábyrgð mannauðssviðs og eftir atvikum yfirmanna deilda.**

**Til stuðnings mannauðsstefnu setur Landhelgisgæslan nánari viðmið og verklagsreglur er varða meðal annars:**

- Ráðningar og val starfsmanna
- Móttöku nýliða
- Starfslok
- Störf og starfslýsingar
- Starfsmannasamtöl
- Kjaramál og hlunnindi
- Ferðir og fundi
- Starfsþróun og fræðslu
- Þagnarskyldu og meðhöndlun upplýsinga
- Samskipti og skipulag
- Siðfræði og siðareglur
- Umgengni á vinnustað
- Heilsu, öryggi og vinnumhverfi
- Jafnréttismál